

9

Fyrsti morgunverðurinn í Þýskalandi var dæmigerður fyrir nýja tíma.

Ég lá uppi í rúmi og var að lesa þegar mamma bað mig um að koma fram því þau Tryggvi væru búin að reida fram dýrindis morgunverð. Ég tók strax eftir því að það vantaði brauð á borðið. Þau voru að vísu búin að stekja beikon, pylsur og egg og skera niður fullt af grænmeti og ávöxtum en þar var ekki minnstu brauðmýlsnu að finna. Hvað þá smjördeigshorn eða kanilsnúða.

— Ég held að ég hafi ekki lyst á neinu, sagði ég.

— Láttu nú ekki svona, sagði mamma.

— Ég er ekki svöng.

— Getum við ekki borðað saman í sát og samlyndi fyrsta morguninn, Hrafnhildur? Gerðu það nú fyrir mig að láta ekki svona.

Þá ræskti Tryggvi sig eins og hann ætlaði að halda ræðu í stórveislunni.

— Hrafnhildur mín, það er þannig að ég fór í lækningu skoðun áður en ég kom hingað út ... emm, já ... þetta

varð ég að gera áður en ég var ráðinn og ... já, það kom sem sagt í ljós að ég er með háan blóðþrýsting ... og já ... svo er víst líka blóðsýkurinn aðeins of há. Þannig að, já ... mér bauðst að fara á lyl sem ég afþakkaði en ætla að reyna að breyta mataræðinu og sjá hvað það gerir. Svo er ég hreinlega bara of þungur, sagði hann, tók um vömbina á sér og klappaði hraustlega á hana. — En það er nú samt ekki þannig að ég sé alveg hætur að borða. Fáum okkar endilega áður en þetta verður kalt.

Á meðan Tryggvi talaði hélt mamma í höndina á honum og horfði á hann mildum augum rétt eins og hann væri dauðvona. Á meðan tróðu tvíburarnir upp í sig hverju jarðarberinu á eftir öðru, öllum bláberjunum og kláruðu beikonid. Nú laumuðust þær í fulla vasa af M&M. Nú vissi ég hver hafði hnúplað því úr herberginu mínu.

— Já, stelpur, sagði mamma og brosti smeðjulega til Tryggva. — Til að gera pabba þetta auðveldara ætlum við að prófa að sleppa öllu hveiti og öllum sykri, alla vega í bili. Já, eiginlega að nota þessi tímamót til að þess að breyta algjörlega um lífsstíl. Ég held að við höfum öll þótt af því, sagði mamma og leit á mig.

Þú þarð er eitthvað sem fer virkilega í taugarnar á mér þá er það þegar mamma setur út á útlit mitt eða dæmir fólk til þá líkamsvexti þess. Nú máttu held ég aðeins fara að þessu þig þýðir. Þú ert að fitna, Hrafnhildur. Hún hefur líka luyti sér að segja: Nú ættir þú að fara að halda í við þig þú! Þú ert nokkuð vera að fá þér svona mikið á diskinn?

— Ég er með of lágan blóðþrýsting ef eitthvað er, sagði ég. — Þyðir það þá að ég eigi að borða meira brauð?

— Hrafnhildur, sagði mamma og byrsti sig.

— Ég er heldur ekki með sykursýki.

— Nei, nei, en ég held bara að við höfum öll gott af þessum breytingum samt sem áður.

— Svo er Tryggvi ekki pabbi minn.

— Ha?

— Þú sagðir að við gætum gert pabba þetta auðveldara, Tryggvi er ekki pabbi minn. Pabbi minn heitir Unnsteyn og hefur ekki skapað sér neina lífsstílsjúkdóma með ofáti.

— Jája, fáum okkur að borða, sagði mamma og sendi mér augnaráðið: Nú hættingur þú!

Begar hún ætlaði að teygja sig eftir jarðarberi greip hún í tóm. Stelpurnar voru farnar út að hoppa á trampólínnu. Tryggvi fór að skellihlæja og þótt mig langaði engan veginn að taka undir, sprakk ég líka úr hlátri og þegar við sáum undrunarsvipinn á mömmu hlógum við enn innilegar. Það var svo langt síðan ég hafði látið eftir mér að hlæja af öllu hjarta að ég hrökk við að heyrja í sjálfri mér. Ég hló og hló eins og vífirringur. Þegar ég loksins náði stjórni á mér leyfði ég mér að segja:

— Þú ættir nú sjálfur að hoppa á trampólínnu með stelpunum fyrst ástandið er svona slæmt.

— Auðvitað ætti ég að gera það, í það minnsta verð þú að fara að hreyfa á mér rassgatið, það er deginum ljósara.

— Seldu bara mótorhjólíð og fáðu þér venjulegt hjól.

— Það er margt vitlausara en það. Heyrirðu það, Ólöf?

En mamma var þá farin úr í garð að skamma stelpurnar fyrir að hafa klárað berin og bisaði við að tæma vasa þeirra af sælgæti meðan þær öskruðu.

— Það er nú ekki eins og þér verði harðbannað að borða brauð, sagði Tryggvi svo. — En það er kannski ekki verra að gera það án þess að mamma þín sjái til.

Þannig atvikaðist það að ég eignaðist geðveikt flott eiturgætt hjól með 21 gír. Pabbi hefði keypt notað hjól handa mér en Tryggvi tók ekki annað í mál en að allir fengu ný hjól, meira að segja mamma, sem hefur ekki stigið á hjól í mörg ár, fékk eitt og auðvitað valdi hún svart hjól. Ég efaðist um að hún ætti eftir að nota það mikið þar sem hreyfing hennar hefur alltaf verið bundin við líkamsræktarstöðvar. Stelpurnar fengu eins bleik hjól með alls konar glingri, eftir að hafa skipt fimm sinnum um skoðun á lit. Tryggvi gekk út úr búðinni, notaðist ekki hafa þolinnaði í svona hringavitleysu.

— Láttu mig vita, Ólöf, þegar þér hafa ákveðið sig, þú kem þá inn og borga.

Ljg fylgdi á eftir og fór að hjóla á planinu. Hjólíð lét vel að stjórni þegar ég tók krappar beygjur eða gaf í upp litla breckku. Það var magnað að geta breytt um stefnu mið þvi að halla jafnvægispunktinum. Það greip mig áhvarfi frelsistilfinning og mig langaði til að hjóla alein af mynd út í buskann, þjóta um og gleyma mér. Þá hafði ég minni ekki minnstu hugmynd um hvað hjólíð átti eftir að verða mér kært eða hvaða ævintýri það átti eftir að vera mig í.

10

Ólíkt síðsumarkvöldum á Íslandi þegar krakkar þvælast um hverfið langt fram eftir, jafnvel þó það sé skóli næsta dag, þá var eins og enginn byggji í götunni okkar eftir klukkan sjö á kvöldin. Um kvöldmarleytið voru hlerar dregnir fyrir alla glugga og kæfandi kyrrðin lagðist yfir hverfið.

Ef miðað er við Íslendinga fara Þjóðverjar mjög snemma að sofa og vakna fyrir allar aldir. Heima á Íslandi voru systur mínar vanar að hoppa á trampólíninu til klukkan hálfítu eða þar til fór að skyggja. En þegar mamma leyfði stelpunum að djöflast til klukkan hálfítu léryna úti kom nágranni okkar og bað hana kurteislega um að kalla þær inn því börnin hans hefðu farið að sofa fyrir klukkutíma. Við urðum vægast sagt hissa, höfðum aldrei séð þessi börn og héldum að einungis eldri borgurur byggju í götunni.

Þyggvi hafði fengið vænan flutningsstyrk hjá flugfélaginu sem hann vann hjá. Fyrstu dagarnir fóru því aðallega í að kaupa sitthvað til heimilisins, nokkuð sem minnuna leiddist alls ekki. Ég hins vegar var að verða meðverk á stanslausum verslunarferðum, enda lenti það á mér að halfa ofan af fyrir stelpunum svo mamma gæti verið að mynd þryggva um búðirnar. Mig grunaði að honum hafi eins og hundi í bandi og fann til með honum.

Mamma átti fullt í fangi með að finna skyndibita sem myndu hveitki sykur né hveiti, sérstaklega þegar við vorum á ferðinni. Það voru þá helst franskar kartöflur

Á meðan jafnaldrar mínir á Íslandi gátu sofð til hádegis eftir næturvökur með vinsælustu hljómsveitum landsins hjólaði ég um Móseldalinn eins og hvert annað gamalmenni. Mér sýndist önnur hver manneskja sem ég mætti vera á sama aldri og amma. Ef ég var ekki hjólandi fyrstu dagana í Þyskalandi þá starði ég út um herbergisgluggann og fylgdist með öldruðum nágrönnum mínum gera fint í kringum sig. Maðurinn á móti var sennilega um sjötugt, tágrannur og hálsköllóttur en vel á sig koninn. Á hverjum morgni á slaginu sjö fór hann út að skokka og settist svo á dyrappallinn, dró fram flísatöng og plökkaði nóstur-samlega sktinn undan skónum sínum. Í gærmorgunum ryksugaði konan hans veggina utan á húsinu þeirra í meðan hann skóf upp mosa sem vaxið hafði milli gaurstéttarhelmannna. Annar nágranni sópaði innkeyrsluna tvisvar á dag og konan skáhallt á móti strauk daglega af laufblöðum stórrar pottaplöntu sem stóð á svölunum hjá henni. Þegar ég mætti fólki á götu bauð það háúólur góðan daginn og þar með lærði ég að segja: *Guten Tage*.